

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykdæla, Hitaveitu Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum og tengigjald kaldavats- og fráveitna Þingeyjasveitar.

1. gr.

Hitaveita Reykdæla og Hitaveita Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum selja afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir orkuveitusvæði hitaveitunnar. Verð í gjaldskrá þessari er án virðisaukaskatts en virðisaukaskattur á húshitun og heimæðar hitaveitu er nú 11%. Á heimæðar kaldavatsveitu leggst ekki vsk. Lesið er af mælum notenda í desember ár hvert með þeirri undantekningu að lesið er af mælum Laugafisks mánaðarlega.

2. gr.

Gjald fyrir afnot af hitaveituvatninu er sem hér segir:

a) Fyrir vatn 56°C og heitara, skv. mæli	kr.	61,47	pr. m ³
b) Fyrir vatn 51°C til 55°C, skv. mæli	kr.	46,91	pr. m ³
c) Fyrir vatn 50°C og kaldara, skv. mæli	kr.	35,57	pr. m ³
d) Orkugjald Laugafisks, skv. mæli	kr.	37,20	pr. m ³
e) Orkugjald á nýttu framhjárennsli	kr.	24,26	pr. m ³
f) Sundlaugar einstaklinga	kr.	29,14	pr. m ³
g) Mælagjald	kr.	2.972	pr. mánuð

Heimilt er að innheimta lokunargjald vegna vanskila eða misnotkunar. Hitaveitunni er einnig heimilt að setja búnað hjá notendum sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu búnaðarins.

Til að njóta sérstaks gjalds vegna vatns í sundlaugar einstaklinga skulu lagnir að þeim búnar sérstökum aukamæli.

Lífeyrisþegar njóta 30% afsláttar af rúmmetragjaldi sundlaugarvatns almennings.

3. gr.

Greitt er mánaðarlega samkvæmt áætlun sem miðuð er við álestur vegna notkunar og hitastigs árið á undan og spá um vatnsnotkun komandi árs. Þar til rennslismælir hefur verið settur upp eða mælir bílar áætla veitan vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf viðkomandi húss. Mælistærð er ákveðin af starfsmönnum hitaveitunnar.

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykdæla, og Hitaveitu á Stórutjörnum, og kaldavatsveitna Þingeyjarsveitar skal vera 217.089 kr. fyrir eina heimæð og miðast verðið við að inntakið sé að hámarki 32 mm. Fari heimæðin umfram 100 metra greiðast kr. 3.436 fyrir hvern metra. Veitunum er heimilt að breyta heimæðargjaldi þessu í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu. Gjald fyrir sérstaka hitaveitu með sérinntaki úr stofnlögn í útihús skal vera hið sama og almennt heimæðargjald.

Þá skal innheimt T-gjald (tengigjald) þegar lagt er í hús utan skipulagðrar íbúðabyggðar sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið hefur skyldur skv. samningi. T-gjaldið skal vera 161.523 kr. fyrir heitt vatn, 88.404 kr. fyrir kalt vatn og 81.258 kr. fyrir fráveitu. Öll gjöld samkvæmt grein þessari eru bundin vísitölu byggingarkostnaðar 1. desember 2007, 377,7 stig.

5. gr.

Innifalið í heimæðargjöldum er lögn frá stofnæð inn fyrir vegg með stofnloka, rennslismæli og inntaksloka við hann sem eru eign veitnanna. Aðrar lagnir og búnað húsgrindar og búnað vegna hitaveitu innanhúss leggur húseigandi til og eru því eign hans.

6. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5

daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni 6.420 kr.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann 14. desember 2022, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1677/2021.

Laugum, 11. apríl 2023.

Gerður Sigtryggisdóttir oddviti.

B-deild – Útgáfudagur: 27. apríl 2023